Nr. 8.
24.
maí.

# Boðskapur konungs
til
alþingis.

---

**Christian hinn Níundi,** af guðs náð Danmerkur konungur, Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski, Láenborg og Aldinborg.

Vora konunglegu kveðju!

Jafnframt og Vjer höfum falið landshöfðingja Vorum á hendur, að setja alþingi, sem nú kemur saman, höfum Vjer fundið hvöt til þess að lýsa yfir fyrir fulltrúum Íslendinga hluttekning Vorri, er þeir nú eiga að feta hin fyrstu spor á hinn nýja veg, sem lagður er með stjórnarskránni 5. janúar 1874.

Með stjórnarskránni er veitt fulltrúum landsins fullnaðar atkvæði um málefni þess, full hlutdeild í löggjafarverkinu og fjárveitingarvald að því er snertir tekjur og útgjöld landsins. Framfarir Íslands, gæfa þess og hagsæld er þannig að miklu leyti komin undir fulltrúum þjóðarinnar sjálfrar; en Vjer treystum því, að sú raun verði á, að hagsæld landsins einmitt sje með því borgið. Í þessu tilliti hefir það verið Oss gleðilegur fyrirboði, þá er Vjer sóktum heim Ísland á þúsundára-hátið þess, að sjá svo margan vott þess, að Íslendingar mettu mikils frelsisgjöf þá, sem Vjer af konunglegu fullveldi Voru höfðum gefið þeim, og sem einmitt átti að öðlast gildi samtíða því, er hátíð þessi fór fram.

Á þessari hinni fyrstu reglulegu samkomu hins nýja alþingis verða eigi allfá lagafrumvörp lögð fyrir þingið, og skulum Vjer meðal þeirra fyrst af öllu nefna fjárlagafrumvarpið, er við meðferð þess fjárveitingar valdið fær í fyrsta skipti tækifæri til að neyta sín. Í sambandi við það standa 2 lagafrumvörp, annað um læknaskipunina og hitt um laun íslenzkra embættismanna. Um yfirgripsmeiri endurbætur á fyrirkomulagi hinnar umboðslegu stjórnar Íslands, hversu æskilegar sem þær gætu verið, hefir eigi getað komið til tals, á meðan eigi er komin önnur skipun á um skattgjaldsmálefnin; en eins og þinginu mun verða skýrt frá, verður gjörð tilraun til, að þetta geti orðið áður en langt líður. Annað mál, sem Oss er mjög annt um, og sem að Vorri hyggju er hið mesta velferðarmál landsins, er það að efla samgöngur í landinu, en um það hafa þó eigi orðið gjörðar ákveðnar uppástungur í þetta sinni.

Fregnin um hina stórkostlegu náttúruviðburði, sem hafa gjört svo mikið tjón í norður- og austurhluta Íslands, hefir fengið Oss mikillar áhyggju. Þessir sorglegu atburðir hafa snortið Oss því sárara, sem Vjer frá Íslandsferd Vorri í sumar sem leið geymum að eins fagnaðarríkt minni, ekki einungis um hollustu þá og traust, sem landsmenn allstaðar

# Allerhøieste Budskab

til

# Althinget.

Nr. 8.
24.
Mai.

---

## Christian den Niende, af Guds Naade Konge til Danmark, de Venders og Gothers, Hertug til Slesvig, Holsten, Stormarn, Ditmarsken, Lauenborg og Oldenborg.

Vor Kongelige Hilsen!

Idet Vi have bemyndiget Vor Landshøvding til at aabne den forestaaende Samling af Althinget, har det været Os en Trang for Islands Repræsentanter at udtale den Deeltagelse, hvormed Vi følge det første Skridt, som De nu skulle gjøre ind paa den nye ved Forfatningsloven af 5te Januar 1874 grundlagte Vei.

Der er ved Forfatningen tillagt Landets Repræsentanter en afgjørende Indflydelse paa Landets Anliggender, fuld Deelagtighed i Lovgivningsværket og bevilgende Myndighed med Hensyn til Landets Indtægter og Udgifter. Islands Udvikling, dets Lykke og Velvære, er saaledes for en væsentlig Del lagt i Hænderne paa Folkets egne Repræsentanter; men Vi have den Tillid, at det maa vise sig, at Landets Vel netop herved er betrygget. For Os har det i denne Henseende været et glædeligt Varsel, at Vi under Vort Besøg paa Island, i Anledning af dets Tusindaarsfest modtoge saamange Vidnesbyrd om, at Islands Folk paaskjønnede den Frihedsgave, som Vi af Vor Kongelige Magtfuldkommenhed havde givet det og som netop skulde træde i Kraft samtidig med hin Fest.

Der vil paa denne det nye Althings første ordentlige Samling blive forelagt et ikke ubetydeligt Antal Lovforslag, blandt hvilke Vi fremfor Alle skulle nævne Finantslovforslaget, ved hvis Behandling den bevilgende Myndighed for første Gang vil faa Leilighed til at øve sin Indflydelse. I Forbindelse dermed staa 2 Lovforslag om Ordningen af Lægevæsenet og om de islandske Embedsmænds Lønningsforhold. Om andre videre gaaende Reformer i Henseende til det islandske Administrationsvæsen, hvor ønskelige samme end kunde være, har der ikke kunnet være Spørgsmaal, saalænge Skatteforholdene ikke ere omordnede; der vil imidlertid, som Thinget vil erfare blive gjort Skridt til, at Saadant kan ske i en nær Fremtid. En anden Sag, som ligger Os stærkt paa Sinde, og som formentlig er af den største Betydning for Landets Velvære, er Udviklingen af Kommunikationsvæsenet; bestemte Forslag i denne Henseende har det dog ikke været muligt nu at fremkomme med.

Med dyb Bekymring have Vi modtaget Efterretningerne om de voldsomme Naturbegivenheder, der have medført saamegen Ødelæggelse i den nordlige og østlige Deel af Landet. Disse sørgelige Begivenheder have berørt Os saameget smerteligere, som Vi fra Vor Islandsreise i afvigte Sommer kun hjembragte lyse Minder, ikke blot om den Hengivenhed og Tillid,

Nr. 8. 24. maí. sýndu Oss, heldur einnig um hina svipmiklu náttúru Íslands, eins og hún kom Oss fyrir sjónir á ferð Vorri um fjöll Íslands. Vjer höfum samt þá von, að það reynist að tjónið eigi sje meira en svo, að ráðin verði bót á því fyrir hjálp hins Almáttuga, með sameiginlegri viðleitni, að minnsta kosti að nokkru leyti.

Með þeirri hjartanlegu ósk, að hið þýðingarmikla starf, sem alþingi nú tekur til, megi verða til blessunar landi og lýð, heitum Vjer alþingi hylli Vorri og konunglegri mildi.

*Ritað á Amalíuborg, 24. dag maí. 1875.*

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

**Christian R.**

(L. S.)

*C. S. Klein.*

Til

alþingis Islendinga.

som Befolkningen overalt viste Os, men ogsaa om Islands storartede Natur som den traadte Os imøde paa Vor Reise imellem de islandske Fjelde. Vi nære dog det Haab, at Ulykken ikke maa vise sig at være større, end at der, næst den Almægtiges Bistand, ved forenede Bestræbelser maa kunne ialfald tildeels raades Bod derpaa. Nr. 8. 24. Mai.

Med det hjertelige Ønske, at den betydningsfulde Virksomhed, som Althinget nu begynder, maa blive til Velsignelse for Land og Folk, forblive Vi Althinget i Kongelig Naade bevaagen

**Skrevet paa Amalienborg, den 24de Mai 1875.**

**Under Vor Kongelige Haand og Segl.**

***Christian R.***

(L. S.)

*C. S. Klein.*

Til

Islands Althing